

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1855 frá 10. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til viðskiptaskráa og tegund tilkynninga sem ber að nota ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1856 frá 10. júní 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 151/2013 sem tilgreina nánar verklagsreglur um aðgang að upplýsingum um afleiður ásamt tæknilegu og rekstrarlegu fyrirkomulagi aðgangs að þeim ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1857 frá 10. júní 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 150/2013 að því er varðar upplýsingarnar sem skulu vera í umsóknum um skráningu sem viðskiptaskrá og í umsóknum um framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1858 frá 10. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina verklagsreglur við afstemmingu gagna milli viðskiptaskráa og verklagsreglur sem viðskiptaskrá á að beita til að ganga úr skugga um að skýrslugefandi mótaðili eða aðili sem leggur fram gögn hlíti kröfunum um skýrslugjöf og til að sannreyna heilleika og réttleika tilkynnta gagna ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1860 frá 10. júní 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 41.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 46.

nr. 648/2012 að því er varðar staðla, snið, tíðni og aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar ⁽⁵⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 102.

- 6) Framseld reglugerð (ESB) 2022/1855 fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 148/2013 ⁽⁶⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 7) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 31bce (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 148/2013):

„**32022 R 1855:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1855 frá 10. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til viðskiptaskráa og tegund tilkynninga sem ber að nota (Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við í 31bce (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 150/2013):

„– **32022 R 1857:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1857 frá 10. júní 2022 (Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 41).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bch (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 151/2013):

„– **32022 R 1856:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1856 frá 10. júní 2022 (Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 34).“

4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31bcy (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1456):

„31bcz. **32022 R 1858:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1858 frá 10. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina verklagsreglur við afstemmingu gagna milli viðskiptaskráa og verklagsreglur sem viðskiptaskrá á að beita til að ganga úr skugga um að skýrslugjafandi mótaðili eða aðili sem leggur fram gögn hlíti kröfunum um skýrslugjöf og til að

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 68.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 1.

sannreyna heilleika og réttleika tilkynntra gagna (Stjtíð. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 46).

31bcza. **32022 R 1860**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1860 frá 10. júní 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar staðla, snið, tíðni og aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar (Stjtíð. ESB L 262, 7.10.2022, bls. 68) sbr. leiðréttingar í Stjtíð. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 102.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2022/1855, (ESB) 2022/1856, (ESB) 2022/1857 og (ESB) 2022/1858 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1860, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 102, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021 ⁽⁷⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(7) Stjtíð. ESB L, 2024/46, 11.1.2024.